



Starfsáætlun 2025-2026

Eikin - Holtaskóli



Starfsáætlun 2025-2026

Eikin - Holtaskóli


Reykjanesbær, 15. október 2025

Inngangur

Eikin er sértækt námsúrræði í Holtaskóla fyrir nemendur Reykjanesbæjar. Eikin var stofnuð haustið 2001 og þjónar hún nú 10 nemendum.

Eikin er hluti af Holtaskóla og byggir á gildum og stefnu hans.

Gildi Holtaskóla eru Virðing – Ábyrgð – Virkni – Ánægja.



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Kennslufræðileg sýn	5
Starfsfólk.....	5
Starfsmannalisti.....	5
Skipulag	6
Nemendafjöldi.....	6
Skipulag skóladagsins	6
Tilhögun kennslu	6
Hagnýtt	7
Inntökuskilyrði í deildina.....	7
Samstarf og teymisfundir	7
Húsnæði	7
Eftirskólaúrræði.....	7
Akstur.....	8

Kennslufræðileg sýn

Kennslufyrirkomulagið í Eikinni er miðað við TEACCH kennsluaðferðina – eða skipulögð kennsla. En með því að skipuleggja umhverfið, setja upp dagskrá, vinnukerfi og sjónrænt skipulag eykst færni barna með röskun á einhverfurófi og gerir þau færari um að framkvæma hluti án stuðnings frá öðrum. Einnig er notuð atferlismótun þar sem jákvæð hegðun er styrkt. Kennsla í úrræðinu er að öllu leyti einstaklingsmiðuð þar sem styrkleikar hvers og eins eru hafðir í fyrirrúmi. Nemendur Eikarinnar tilheyra allir umsjónarbekk og sækja kennslustundir og frímínútur með sínum jafnöldrum eins mikið og geta þeirra leyfir og njóta þá aðstoðar stuðningsfulltrúa. Boðið er upp á aukatíma í sundi og íþróttum, auk þess hefur verið boðið upp auka tíma í m.a í myndlist, tónlist og rafíþróttum. Stefna Eikarinnar er að veita nemendum með einhverfu kennslu og námsumhverfi í samræmi við þeirra þarfir. Stefnt er að því að nemendur fái aukið sjálfstraust, sjálfstæði og öðlist betri samskiptahæfni.

Starfsfólk

Deildin er skipulags- og stjórnunarlegur hluti Holtaskóla, undir stjórn skólustjóra. Dagleg umsjón er í höndum deildarstjóra námsúrræðisins. Við deildina starfa deildarstjóri, kennarar, þroskþjálfar, þroskþjálfanemi og stuðningsfulltrúar.

Starfsmannalisti

Nafn

Nafn

Annel Fannar Annelsson

Arnar Þór Þrastarson

Edda Guðrún Pálsdóttir

Hildur Bára Hjartardóttir

Hjördís Emilsdóttir

Jóhanna Steinunn Þórisdóttir

Jón Arnar Birgisson

Jökull Máni Jakobsson

Karólína Björg Óskarsdóttir

Máney Dögg Björgvinsdóttir

Stefán Jón Friðriksson

Steinunn Rúna Ragnarsdóttir

Tinna Kristjánsdóttir

Vilborg Reynisdóttir

Starfsheiti

Stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúi

Deildarstjóri

Grunnskólakennari

Leiðbeinandi

Þroskþjálfafi

Stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúi

Stuðningsfulltrúi

Þroskþjálfanemi

Stuðningsfulltrúi

Leiðbeinandi

Þroskþjálfafi

Grunnskólakennari

Netfang

annel.f.annelsson@holtaskoli.is

arnar.th.thrastarson@holtaskoli.is

edda.g.palsdottir@holtaskoli.is

hildur.b.hjartardottir@holtaskoli.is

hjordis.emilsdottir@holtaskoli.is

johanna.s.thorisdottir@holtaskoli.is

jon.arnar.birgisson@holtaskoli.is

jokull.m.jakobsson@holtaskoli.is

karolina.b.oskarsdottir@holtaskoli.is

maney.d.bjorgvinsdottir@holtaskoli.is

stefan.j.fridriksson@holtaskoli.is

steinunn.r.ragnarsdottir@holtaskoli.is

tinna.kristjansdottir@holtaskoli.is

vilborg.reynisdottir@holtaskoli.is

Skipulag

Nemendafjöldi

Í Eikinni eru tíu nemendur. Tveir nemendur í 5. bekk, tveir nemendur í 6. bekk, einn nemandi í 7. bekk, tveir nemendur í 8. bekk og þrír nemendur í 9. bekk. Áætlað er að við Eikina stundi 8-10 nemendur nám á hverju skólaári.

Skipulag skóladagsins

Í Holtaskóla hefst kennsla klukkan 8:10.

Skóladegi nemenda í 1.-4. bekk lýkur kl. 13:15.

Skóladegi nemenda í 5. -7. bekk lýkur kl. 13:55

Skóladegi nemenda í 7.-10. bekk lýkur á misjöfnum tíma vegna valgreina.

Nemendur í 1.-4. bekk borða nestið klukkan 9:10 og fara í frímínútur í útiveru frá 9:30-9:55.

Nemendur í 5.-7. bekk fara í frímínútur í útiveru kl 9:30 – 9:55 og svo í nesti frá 9:55-10:10.

Nemendur í 7.-10. bekk eru í frímínútum kl. 9:30-9:55.

Hádegishlé hjá 1.-5. bekk er 11:15 -11:55, nemendur borða hádegismat og fara svo í útiveru.

Hádegishlé hjá 6.-10. bekk er 11:55-12:35. Nemendur í 6. og 7. Bekk borða hádegismat og fara svo í útiveru. Nemendur í 8.-10. Bekk byrja í frímínútum og fara svo að borða hádegismat kl 12:15. Stuðningsfulltrúar sinna gæslu í frímínútum, bæði inni og úti. Hádegishlé er hluti af skóladeginum og er nemendum skylt að dvelja í skólanum á þeim tíma.

Tilhögun kennslu

Undirbúningur kennslu er í höndum kennara og kennsla námsgreina fer ýmist fram í litlum hópum eða á einstaklingsgrunni. Komið er til móts við nemendur Eikarinnar á forsendum einstaklingsmiðaðsnáms. Í kennslu er m.a. unnið eftir TEACCH þar til sem tekið er tillit til námslegrar getu hvers og eins.

Hagnýtt

Inntökuskilyrði í deildina

Til að nemandi fái inngöngu í Eikina þarf að liggja fyrir formleg umsókn um skólavist í sértæku námsúrræði hjá Reykjanesbæ þar sem fram kemur rökstuðningur. Einnig þarf að fylgja með umsókninni staðfesting frumgreiningar frá þriðja stigs greiningaraðila sem felur í sér að barnið sé með alvarlega hamlandi einhverfurófs einkenni. Umsókn skal berast til skrifstofu Menntasviðs Reykjanesbæjar. Sérstakt inntökuteymi fjallar síðan um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku. Á þann fund mætir jafnframt fulltrúi frá þeim skóla eða leikskóla sem barnið hefur verið í með þau greiningargögn sem eru til staðar. Inntökuteymið ákveður síðan hvort eða hvar er hægt að bjóða viðkomandi nemanda pláss og er þá litið til allra deilda Reykjanesbæjar, Aspar, Eikar, Lindar og Viðju.

Samstarf og teymisfundir

Teymisfundir eru haldnir í upphafi skólaárs og er þá lögð fram einstaklingsnámskrá nemandans. Foreldrar fá þá tækifæri til að ákveða í samvinnu við kennara ef það er eitthvað sérstakt sem þeir vilja að skólinn leggi áherslu á. Fjöldi teymisfunda yfir skólaárið er misjafn en alltaf ákveðinn í samráði við foreldra. Samskiptabók, tölvamskipti, símtöl og smáskilaboð eru notuð til að auðvelda upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Samráð er haft við foreldra með hvaða hætti samskiptin fara fram.

Húsnæði

Eikin er tímabundið þetta skólaár með 4 kennslustofur á 2. hæð í Holtaskóla. Unnið er að endurbótum á kennslustofum Eikar.

Eftirskólaúrræði

Frístundaheimili Holtaskóla er í boði fyrir alla nemendur í 1.-4. bekk frá því að skóla lýkur til 16:15. Foreldrar sækja um vistun á íbúavefnum Mitt Reykjanes. Nemendur í 5.-10. bekk geta sótt um eftirskólaúrræðið, Skjólíð, á vegum Reykjanesbæjar á Mitt Reykjanes.

Akstur

Ferðapjónusta er fyrir íbúa í Reykjanesbæ 18 ára og eldri og nemendur í grunn- og framhaldsskóla á skólatíma, sem heyra undir lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992. Skilyrði fyrir ferðapjónustuna er að einstaklingur geti ekki nýtt sér almenningssamgöngur sökum fötlunar, ráði hvorki yfir né geti notað bifreið og hafi ekki aðgang að farartæki.

Foreldrar sjá um að panta ferðapjónustuna.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS